

## GJALDSKRÁ

### um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi og er það innheimt með fasteignagjöldum, samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004.

#### 2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri.

Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er hefðbundinn landbúnaður í atvinnuskyni.

Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Fristundahús eru sumarbústaðir og fasteignir aðrar sem notaðar eru í sambærilegum tilgangi.

#### 3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

|   |             |
|---|-------------|
| a. Íbúðir .....                                       | kr. 12.600  |
| b. Lögbýli  |             |
| Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum: |             |
| Flokkur b1 .....                                      | kr. 9.450   |
| Flokkur b2 .....                                      | kr. 18.900  |
| c. Fyrirtæki  |             |
| Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum: |             |
| Flokkur c1 .....                                      | kr. 12.600  |
| Flokkur c2 .....                                      | kr. 37.800  |
| Flokkur c3 .....                                      | kr. 75.600  |
| Flokkur c4 .....                                      | kr. 151.200 |
| d. Fristundahús, sorpeyðingargjald .....              | kr. 3.150   |

Sveitarstjórn skipar lögbýlum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs. Sorphirða fer ekki fram á vegum sveitarfélagsins við frístundahús.

#### 4. gr.

Auk árlegs sorphreinsunargjalds leggur sveitarstjórn á sorpeyðingargjald vegna leyfis skyldra framkvæmda í Skaftárhreppi. Gjaldið er lagt á hverja framkvæmd skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

|                            |                       |
|----------------------------|-----------------------|
| a. Nýbyggingar .....       | kr./m <sup>3</sup> 26 |
| b. Viðhald og endurbætur   |                       |
| Flokkur b1 .....           | kr. 5.250             |
| Flokkur b2 .....           | kr. 15.750            |
| Flokkur b3 .....           | kr. 52.500            |
| c. Rif á mannvirkjum ..... | kr./m <sup>3</sup> 26 |

Áður en leyfi er veitt skv. a. og c. skal áætla magn úrgangs sem til fellur og sorpeyd-ingargjald skal greitt skv. þeirri áætlun. Sveitarstjórn skipar framkvæmdum í flokka skv. b. Við flokkun er miðað við umfang framkvæmdar og áætlað magn úrgangs.

5. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja og framkvæmdaraðilar geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt b og c lið 3. gr. og b lið 4. gr. og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákværða flokkun ef ástæða þykir til. Allar fjárhæðir skv. 3. og 4. gr. taka breytingum árlega skv. vísitölu neysliverðs. Grunnvísitala er vísitala neysliverðs í nóvember 2004, 237,9 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps, samkvæmt 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

*Kirkjubæjarklaustri, 14. desember 2004.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Gunnsteinn R. Ómarsson** sveitarstjóri.